

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

*Alþingi**Erindi nr. þ 120/1964**komudagur 9 15 1996*

Kópavogi 6. maí 1996

SB/ga/45/96

Athugasemdir stjórnar Læknafélags Íslands við frumvarp til laga um breyting á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur

Stjórn Læknafélags Íslands verður að treysta því að hið háa Alþingi setji ekki í lög um stéttarfélag og vinnudeilur neitt það er brjóti í bága við alþjóðlegar reglur og lög um stéttarfélag og vinnudeilur - sömuleiðis að hið háa Alþingi gæti þess að engin ákvæði í frumvarpinu fái ekki staðist samþykktir alþjóðlegra samtaka sem Íslendingar eru aðilar að og hafa skuldbundið sig að hlíta reglum er slík alþjóðasamtök setja.

Stjórnin vill koma á framfæri tveimur ábendingum. Þær varða fyrst og fremst ákvæði frumvarpsins um vald sáttasemjara og hins vegar um framkvæmd um boðun verkfalls og um afstöðu til kjarasamninga.

Stjórn Læknafélags Íslands telur að það ákvæði að sáttasemjari hafi heimild til að leggja fram miðlunartillögu er megi ganga yfir allan vinnumarkaðinn grafi mjög undan sjálfstæðum samningsrétti einstakra stéttarféлага og þar með sérstökum atriðum viðkomandi samningum um sérmál hversrar stéttar sem jafnan hljóta að vera uppi og þarf að taka á sérstaklega. Því mælist stjórn Læknafélags Íslands til þess að þessu ákvæði frumvarpsins verði breytt.

Stjórn Læknafélags Íslands telur eðlilegt að hvert einstakt stéttarfélag ákvarði með hverjum hætti það boði til verkfallsaðgerða eða annarra hliðstæðra aðgerða sem og með hverju móti atkvæðagreiðslu um kjarasamninga er háttað. Fyrir þessu hvoru tveggja liggur löng hefð um framkvæmd hjá flestum stéttarfélagum. Lög flestra þeirra kveða á um með hverjum hætti þetta skuli gert hvoru tveggja með þeim ríkjandi hætti sem verið hefur og hvert stéttarfélag gert ábyrgt fyrir aðgerðum sínum og afstöðu. Sömuleiðis telur stjórn Læknafélags Íslands óheppilegt með tilliti til samningagerðar að fastbinda við ákveðinn dag hvenær komi til verkfalls eða annarra hliðstæðra aðgerða. Slík ákvæði gætu í eðli sínu fremur stuðlað að ósætti á vinnumarkaði og torvelað samninga með alfarið fjálsum hætti. Stjórn Læknafélags Íslands leggur því til að þessum ákvæðum sem hér að ofan greinir verði breytt frá því sem þau eru í núverandi frumvarpi.

Stjórn Læknafélags Íslands gerir ekki aðrar sérstakar athugasemdir við frumvarp þetta. Stjórn Læknafélags Íslands sér hins vegar ástæðu til þess að benda á að fenginni langri reynslu skortir mjög á að vinnulag við gerð kjarasamninga eftir núgildandi lögum séu með fullnægjandi hætti og þeim hinum heppilegasta. Mikilvægt er að breyta vinnuaðferðum og samtök lækna eru meira en reiðubúin til viðræðna þar um og til þátttöku í uppbyggingu nýs vinnufyrirkomulags um samningsgerð. Sérlega verður að benda á hversu seint er yfirleitt af stað farið með gerð nýrra kjarasamninga eða endurnýjun þeirra án þess að nokkurri ábyrgð sæti. Þá vantar mikið á að farið sé eftir fastmótuðum vinnureglum (ef þær þá einhverjar til eru) þar sem lagt er til grundvallar við samningsgerð ákvæði um launapróun og launaviðmiðun með tilliti til þátta eins og starfsálags, menntunar, ábyrgðar, starfskostnaðar og starfsævilengdar hliðstætt því sem löggjafinn telur eðlilegt að kjaranefnd hafi til grundvallarákvörðunum sínum um kjör.

Virðingarfyllt,

e. u. Páll Jónsson, formaður stj.
Sverrir Bergmann, formaður